

legri sammingsgerð þessara aðilja. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt á sölulaunum eða annarri þóknun úr hendi stefndu.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Ragnhildur Steindórsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Ólafssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 1/1960. **Guðlaug Magnúsdóttir**
 gegn
borgarstjóranum í Reykjavík.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefáns-
 son sakadómari.

Kærumál. Frávisunarkrafa. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1959 og hingað kominni 4. þ. m. úrskurði, sem upp var kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 7. desember f. á., en sóknaraðili sótti þá ekki þing og enginn af hans hálfu. Þá hefur sóknaraðili og til vara kært dómkvaðningu matsmanna, sem fram fór í þinghaldi 7. desember 1959. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og matsmálinu vísað frá bæjarþinginu, en til vara, að framangreind dómkvaðning verði felld úr gildi. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar af varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að greindar dómsathafnir verði staðfestar og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um ómerkingu úrskurðarins og frávísun málsins frá bæjarþinginu á því, að varnaraðili hafi ekki gert næga grein fyrir matsbeiðninni. Þetta hefur þó ekki við rök að styðjast. Varnaraðili lét fylgja matsbeiðninni endurrit af dómi Hæstaréttar frá 26. júní 1959, þar sem skýrt kemur fram, samkvæmt hvaða lagaheimild eignarnáms megi krefjast og hvað meta skuli. Var engin þörf á nánari greinargerð um þau efni. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili styður varakröfu sína um ómerkingu dómkvaðningar við það, að honum hafi ekki verið tilkynnt um þinghald 7. desember 1959 né að dómkvaðning ætti þá að fara fram. Lögmaður hans kveðst þó hafa fengið vitneskju um þinghaldið frá lögmanni varnaraðilja, klukkutíma áður en það hófst. Hefur hann ekki greint nein lögmaet forföll frá þingsókn. Með skírskotun til 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936 verður kröfu sóknaraðilja um ómerkingu dómkvaðningarinnar ekki sinnt.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinar kærðu dómsathafnir eiga að vera óraskaðar.

Sóknaraðili, Guðlaug Magnúsdóttir, greiði varnaraðilja, borgarstjóranum í Reykjavík, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 7. desember 1959.

Hér fyrir dómi liggur bréf borgarstjórans í Reykjavík vegna skipulagsyfirvalda bæjarins, dags. 23. júlí þ. á. Þar er þess beiðzt, að dómkvaddir verði tveir menn, hæfir og óvilhallir, til þess að framkvæma eignarnámsmat á verðmæti kvaðar, svonefndrar „villaservitut“, er á sínum tíma var lögð á lóðina nr. 14 við Túngötu hér í bænum, m. a. til hagsbóta fyrir eiganda lóðarinnar nr. 16 við sömu götu.

Réttur samkvæmt kvöðinni er nú í hendi frú Guðlaugar Magnúsdóttur, Túngötu 16. Af hennar hálfu hefur verið mætt við

dómkvaðningu og bornar fram þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi og matsbeiðanda gert að greiða henni matskostnað.

Frávísunarkrafan er rökstudd á þá leið, að matsbeiðandi hafi ekki lagt fram neina sérstaka skriflega greinargerð við þingfestingu málsins né heldur fengið frest til þess að leggja slíka greinargerð fram. Sé þetta andstætt 105. gr. laga nr. 85/1936. Þá sé og málið mjög vanreifað af hálfu matsbeiðanda, því að mats sé aðeins beiðzt með tilvísun í forsendur tveggja hæstaréttardómara fyrir sératkvæði í hæstaréttarmálinu nr. 134/1958: Kvennaheimilið Hallveigarstaðir gegn Guðlaugu Magnúsdóttur og gagnsök. Dómur þessi var kveðinn upp 26. júní þ. á. (Í beiðni misritað 24/6).

Af hálfu matsbeiðanda hefur og verið mætt í málinu og þess krafizt, að frávísunarkröfunni verði synjað um framgang, að dómkvaðning matsmanna fari fram og málskostnaður dæmdur matsbeiðanda úr hendi matsþola.

Kröfur matsbeiðanda eru rökstuddar á þá leið, að engin þörf sé sérstakrar skriflegrar greinargerðar af hans hálfu, enda felist og fullnægjandi reifun málsins í hinni framlögðu beiðni og framangreindum hæstaréttardómi, er fylgt hafi henni í endurríti ásamt sératkvæðum. Þá er og bent á, að í báðum þessum skjölum sé vitnað til 24. gr. laga nr. 55/1921, er hafi að geyma eignarnámsheimildina.

Ágreiningurinn var tekinn til dóms eða úrskurðar 2. þ. m.

Það er aðalregla samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936, að málflytningur um frávísunarkröfu skuli fara fram munnlega þegar í stað. Vöntun sérstakrar skriflegrar greinargerðar getur því með engu móti varðað frávísun.

Þrír dómendur voru sammála um dómsorð í ofangreindu hæstaréttarmáli og um forsendur að mestu. Einn þeirra gerði þó ágreining um sum þau atriði í atkvæði hinna tveggja, sem vísað er til í matsbeiðninni. En það, sem á milli ber, skiptir engu máli um þann ágreining, sem hér er til úrlausnar, enda hefur dómurinn ekki heldur beina þýðingu um hann að öðru leyti en því, að réttur matsþola til bóta samkvæmt mati er þar viðurkenndur.

Að þessu athuguðu og þar sem hin framlagða beiðni ásamt hæstaréttardóminum ber með sér, hver eignarnámsheimildin er, svo og hvað það er, sem eignarnámið nær til og meta skal, eru engin efni til þess, að fallizt verði á frávísun málsins.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma matsþola, Guðlaugu

Magnúsdóttur, til þess að greiða matsbeiðanda, borgarstjóra Reykjavíkur vegna skipulagsyfirvalda, málskostnað, er með það í huga, að frávisunarkrafan er tilefnislaus, ákveðst kr. 1000.00.

Hinn reglulegi borgardómari, Einar Arnalds, hefur vikið sæti í máli þessu, og er úrskurðurinn kveðinn upp af skipuðum setu-dómara Theodór B. Lindal.

Því úrskurðast:

Kröfu matsþola um frávisun máls þessa verður ekki sinnt. Matsþoli, Guðlaug Magnúsdóttir, greiði matsbeiðanda, borgarstjóra Reykjavíkur vegna skipulagsyfirvalda bæjarins, málskostnað, kr. 1000.00.

Úrskurðinum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 91/1959. **Björn H. Jónsson,**
Þórunn Franz og
Valdimar Auðunsson (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Herbert Pangritz (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefáns-son sakadómari.

Vinnulaun. Staðfesting fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégeta, hefur framkvæmt fjárnám það, sem áfrýjað er.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1959. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.